Fannst ég hafa brugðist fólkinu sem studdi mig

„Ég tók úrslit kosninganna mjög nærri mér. Ég velti því mikið fyrir mér hvað ég hefði gert rangt, eða hvað ég hefði ekki gert, því að mér fannst ég hafa brugðist öllu því fólki sem studdi mig í prófkjörinu." Jónas Þór Birgisson, lyfsali á Ísafirði og bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ er í viðtali vikunnar.

– sjá bls. 8-10

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 15. janúar 2015 · 2. tbl. · 32. árg. ·Ókeypis eintak

Jólin kvödd í Bolungarvík

Óskar eftir þingmannafundi um stöðuna á Þingeyri og á Flateyri

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG í Norðvesturkjördæmi, hefur óskað eftir þingmannafundi í kjördæminu þar sem staðan í atvinnumálum á Þingeyri og á Flateyri verði rædd. Lilja Rafney segir að staðan sé grafalvarleg. „Í ljósi þess að öllu starfsfólki var sagt upp hjá fiskvinnslu Vísis hf í Grindavík um sl. áramót og að engin niðurstaða er enn komin hjá Byggðastofnun um úthlutun byggðakvóta til þessara staða er staða atvinnumála á Þingeyri og á Flateyri í mikilli óvissu og atvinnuöryggi fjölda fjölskyldna í uppnámi," segir í bréfi hennar til fyrsta og annars þingmanna kjördæmisins, þeirra Gunnars Braga Sveinssonar og Einars K. Guðfinnsonar.

Lilja Rafney getur þess í bréfinu að um næstu mánaðamót þarf starfsfólk Vísis á Þingeyri að svara hvort það þiggur vinnu hjá Vísi í Grindavík og Lilja Rafney segir pressuna mikla á fólk að flytjast búferlum nauðugt og fara frá eignum sínum á Þingeyri. Lilja Rafney óskar eftir því að fulltrúar Ísafjarðarbæjar, Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Byggðastofnunar auk fulltrúa heimamanna verði á fundinum. Í fréttum RÚV um síðustu helgi gagnrýndi Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Byggðastofnun fyrir að hafa ekki gengist að samkomulagi Valþjófs, Arctic Odda og Vísis um veiðar og vinnslu á sértækum byggðakvóta Þingeyrar og Flateyrar. Finnbogi sagði að það hafi verið mikið áfall fyrir fólkið í þorpunum þegar Byggðastofnun ákvað að úthluta ekki byggðakvóta til fyrirtækjanna.

Byggðastofnun auglýsti byggðakvóta Flateyrar á ný þegar ljóst var að Arctic Oddi ætlaði að hætta vinnslu á Flateyri, en fyrirtækið var með samning við Byggðastofnun um nýtingu kvótann. Samkomulag Arctic Odda, Valþjófs og Vísis var opinberað áður en Byggðastofnun auglýsti byggðakvóta Flateyrar og Þingeyrar lausa til umsóknar. Þrjár umsóknir bárust um Flateyrarkvótann, frá Valþjófi, Íslensku sjávarfangi og sameiginleg umsókn átta útgerða á Flateyri. Byggðastofnun hefur ekki afgreitt umsóknirnar og er verið að kanna möguleika á samstarfi umsækjenda um nýtingu kvótans.

Sértækur byggðakvóti Þingeyrar var auglýstur laus til umsóknar eftir áramót og umsóknarfrestur er til 21. janúar.

Ekki nægjanleg atvinnusköpun í umsókn Valþjófs fyrir Þingeyri

Atvinnusköpun í umsókn Valþjófs um byggðakvóta Þingeyrar var að mati stjórnar Byggðastofnunar langt frá því að vera nægileg miðað við þær aflaheimildir sem sótt var um. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Byggðastofnun. Í framhaldi af ákvörðun Vísis hf. um að loka vinnslu félagsins á Þingeyri auglýsti Byggðastofnun eftir samstarfsaðilum um nýtingu 400 þorskígildistonna aflamarks vegna Þingeyrar. Tvær umsóknir bárust. Annars vegar frá Valþjófi ehf. og hins vegar frá Arctic Odda ehf. og samstarfsaðilum sem síðar drógu umsókn sína til baka. Af fyrrgreindum ástæðum var umsókn Valþjófs hafnað og kvótinn auglýstur á ný og er umsóknarfrestur 21. janúar.

Í yfirlýsingunni er áréttað að Byggðastofnun „úthlutar" ekki byggðakvóta, heldur auglýsir í opnu og gegnsæju ferli eftir samstarfsaðilum um eflingu viðkomandi byggðar og nýtingu þess aflamarks sem stofnunin hefur til ráðstöfunar í byggðarlaginu. „Hafa ber í huga að þær aflaheimildir sem Byggðastofnun ræður yfir til þessara verkefna eru takmarkaðar og geta ekki einar og sér myndað grundvöll atvinnulífs á viðkomandi stöðum. Því skipta mótframlög og nýting þeirra til atvinnusköpunar höfuðmáli," segir í yfirlýsingunni.

Kvóti Byggðastofnunar á Þingeyri er 400 þorskígildistonn og á Flateyri hefur stofnunin 300 þorskígildistonn til umráða.

Í framhaldi af yfirlýsingu Arctic Odda ehf. um að hætta bolfiskvinnslu á Flateyri var 300 þorskígildistonna aflamark vegna Flateyrar auglýst að nýju. Þrjár umsóknir bárust. Frá Valþjófi ehf., frá Íslensku sjávarfangi ehf. og sameiginleg umsókn frá útgerðum á Flateyri. Á fundi stjórnar Byggðastofnunar 18. desember s.l. var ákveðið að kanna hvort að hægt væri að koma á samstarfi umsækjenda um nýtingu aflamarks Byggðastofnunar á Flateyri. Í yfirlýsingunni kemur fram að niðurstöðu er að vænta innan skamms.

– smari@bb.is

Þingeyri.

Sársauki er ekki eðlilegt ástand

Átt þú rétt á slysabótum?

Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fáir endurgreiddan sjúkrakostnað, fáir greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiða, jafnvel þó þú hafir verið í órétti. Ef þú hefur lent í slysi, s.s. umferðarslysi eða vinnuslysi er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

TORT
INNHEIMTA SLYSABÓTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - www.tort.is

Harma gjaldskrárhækkun Orkubúsins

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps harmar gjaldskrárhækkun Orkubús Vestfjarða en verð á dreifingu rafmangs í dreifbýli hækkaði um 10% um áramótin. Rafmangsdreifing í þéttbýli hækkaði um 6%.

„Í ljósi bágs ástands á dreifikerfi raforku í Súðavíkurhreppi sem og áhugaleysi varðandi framkvæmdir og uppbyggingu á sama dreifikerfi harmar sveitarstjórn Súðavíkurhrepps þá ákvörðun OV að hækka verðskrár sínar á áramótum. Sérstaklega bitna þessar verðhækkanir á notendum í dreifbýli," segir í bókin sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps.

Reebok FITNESS
KRÓNAN

THE BIGGEST LOSER®
ÍSLAND 2

THE BIGGEST LOSER ÍSLAND

BARÁTTAN HELDUR ÁFRAM 22. JANÚAR

ENGIN BINDING
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT!
SKJARINN.IS | 595 6000

SKJÁREINN

GUNNFRÍÐUR KATRÍN TÓMASDÓTTIR
#biggestloserisland

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Enn vofir hún yfir

Umræðan um flutning ríkisstofnana frá höfuðborginni er ekki ný af nálinni. Og eins og réttilega hefur verið á bent viðgekkst um tveggja alda einstefna flutnings ríkisstofnana í hina áttina, öllu sem talinn var fengur í var troðið niður í þéttbýlinu, sem varð höfuðstaður landsins. Tilraunir til bakfærslna flestar í skötulíki, þótt við hafi borið að för hafi verið til fjár. Marga putta þarf þó ekki til halds og trausts við talningu þeirra.

Umræðan um flutning Fiskistofu til Akureyar, og lokun útibúsins á Ísafirði, og nú síðast fyrirhugaðan flutning Landhelgisgæslunnar gefur BB ástæðu til að rifja upp frá fyrri tíma aðkomu að slíkum málum, ábendingum um nýjar stofnananir, að hluta til. Í leiðara BB í okt. 2002, var tilvitnun í vefsíðugrein Einars K. Guðfinnssonar, núv. forseta Alþingis, þar sem hann fjallaði m.a. um veiðarfærarannsóknir og veiðieftirlit: „Fyrir nokkrum árum gerði ég ásamt mörgum góðum mönnum tilraun til þess að uppbygging veiðarfærarannsókna færi fram á Ísafirði, undir forustu Hafrannsóknastofnunar og í samvinnu við fyrirtæki á þessu sviði. Ástæðan var einföld. Slík þekking var þá ekki til staðar nema næsta takmörkuð innan stofnunarinnar. Á Ísafirði var hins vegar búsettur sérmenntaður maður á þessu sviði, sem hafði áhuga ´að sinna þessu verkefni, en með einu skilyrði þó. Hann fengi að búa og starfa fyrir vestan. Fyrir lá að fyrirtæki á svæðinu voru tilbúin að veita þesu máli brautargengi. Og alþekkt er að innan Netagerðar Vestfjarða hefur byggst upp mikil þekking á veiðarfærarannsóknum. Fátt virtist rökréttara en að þarna yrði byggt upp lítið vísindasamfélag, sem starfaði út frá höfuðstöðvum Hafró í Reykjavík.“ Á þetta var ekki hlustað. Veiðarfærarannsóknir? Hvað hafði fiskveiðiþjóðin Íslendingar, með slíkt að gera? Um veiðieftirlitið var sömu söguna að segja. Hin ósýnilega hönd vanans, eins og EKG orðaði það, réð för.

Landhelgisgæslan á Ísafjörð, var fyrirsögn leiðara BB 9. Júlí 1997. Á Ísafirði eru öll skilyrði til að taka við Landhelgisgæslunni. Höfnin með þeim bestu á landinu. Ísfirsk fyrirtæki fyllilega í stakk búin til að þjónusta skip Gæslunnar. En, það sem mest er um vert: Þó varðskipin séu á flandri í kringum landið þá er það í vetrarveðrum á miðunum úti fyrir Vestfjörðum sem mest á reynir. Þá er ekki verra að heimahöfnin sé nærri. BB hvatti hagsmunaðila, bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, þingmenn og sjómannasamtök, til dáða. Allt kom fyrir ekki. Í sjónvarpsþættinum „Hringborðið“ (RUV) komst fyrrv. ritstjóri Morgunblaðsins svo að orði að ekki hefði verið tekið mark á viðvörunum hans í kvótamálinu sökum þess að þær birtust í leiðurum Moggans. Horft til stærðarmunar og áhrifavalds (Moggans og BB) eru viðbrögðin við skrifum BB um flutning Landhelgisgæslunnar á sínum tíma kannski ekki til að býsnast yfir. Nú er öldin önnur. Landhelgisgæslan umræðuhæf.

Hin ósýnilega hönd vanans vofir þó sem fyrr yfr Vestfirðingum.

s.h.

Spurning vikunnar

Hvort nýtir þú þér flug eða bíl til að ferðast milli landshluta?

Alls svöruðu 499.
Flug sögðu 73 eða 15%
Bíl sögðu 426 eða 85%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Hefur aldrei séð gögn sem sýna díoxínmengun

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir sveitarfélagið ekki viðurkenna skaðabótaskyldu vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslunni í Engidal þótt bærinn ætli að taka þátt í að bæta tjón bænda á svæðinu. „Það kann að hljóma undarlega, en ég hef aldrei séð gögn sem sýna fram á díoxínmengun í þessu kjöti úr Engidal, marktækt yfir mörkum. Þvert á móti sá ég á sínum tíma skýrslur frá danska rannsóknaraðilanum, sem sýndu að mengun í kjöti var í öllum tilfellum undir mörkum. Það er einmitt af þessum ástæðum sem Ísafjarðarbær hefur aldrei viðurkennt að vera valdur að því tjóni sem varð,“ segir Gísli í samtali við visir.is.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Búpeningur í Engidal var felldur í kjölfar díoxínmengunar sem barst frá sorpbrennslunni Funa. Stöðinni, sem hafði verið á undanþágu, var lokað í árslok 2010. Gísli segir að fróðlegt væri að sjá frumskýrslur með mengunarupplýsingum frá Matvælastofnun (MAST). „Ástæða þess að slátra þurfti búpeningi í Engidal var bannið sem MAST hafði sett á kjötið og uppnámið sem MAST olli með því að innkalla íslenskt lambakjöt frá Evrópu. Eina leið sláturleyfishafa og bænda til að losna úr þeirri klemmu var að útrýma gripunum í Engidal og tjónið stafaði af því,“ segir bæjarstjórinn.

Ekki fengust svör frá MAST að því er segir á visir.is en í skýrslu stofnunarinnar um framtíð búskapar í Engidal segir að díoxín hafi mælst yfir mörkum í sýnum sem tekin voru úr kjöti af svæðinu í desember 2010. Díoxín hafi áður mælst yfir mörkum í mjólk. Ísafjarðarbær hefur nú samþykkt gagntilboð Kristjáns Ólafssonar á Kirkjubóli IV um bætur vegna tjóns sem hann varð fyrir. Í september síðastliðnum var gengið frá samkomulagi um bætur til Karls Bjarnasonar í Neðri Hjarðardal II. Samkomulag við Steingrím Jónsson í Efri-Engidals, er enn ófrágengið. „Við bíðum enn formlegra viðbragða frá Steingrími við tilboði okkar sem lagt var fram fyrir löngu síðan,“ segir Gísli.

Að sögn Gísla ákvað Ísafjarðarbær þrátt fyrir málavexti að bjóða bændunum bætur þannig að þeir þyrftu ekki að sitja sjálfir uppi með allt tjónið. „Engu að síður viðurkennir Ísafjarðarbær ekki bótaskyldu í málinu,“ undirstrikar bæjarstjórinn. Eins og fram kom í Fréttablaðinu vildi Ísafjarðarbær ekki upplýsa um þær bætur sem bæjarráðið samþykkti að greiða fyrir jól. Það mál varðar bæturnar til Kristjáns. „Ástæða þess að ekki er upplýst um bæturnar að sinni er að við teljum okkur þurfa leyfi frá Kristjáni. Við eigum enn eftir að fá afstöðu Kristjáns til þess,“ segir Gísli Halldór Halldórsson.

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðar segir að vandamálið varðandi dioxín mengunina sem mældist, hafi verið að á þessum tíma voru engin sett takmörk á díoxínmengun sem Funi þurfti að uppfylla. Sama á við um aðrar sorpbrennslur á landinu, en vegna smæðar þeirra fengu þær allar undanþágu frá evrópskum reglugerðum varðandi díoxínmengun. Þetta var meðal annars ein af ástæðunum að baki því að erfitt var að loka Funa vegna mengunar af þessu tagi. Umhverfisstofnun gat heldur ekki aðhafst í málinu vegna þess að í starfsleyfi Funa var ekki tekið til díoxínmengunar, aðeins mengunar vegna þungamálma og annars, og hlutfall díoxínmengunar þurfti aðeins að mæla einu sinni.

– sfg@bb.is

Neutral®

MINNA ÞVOTTAEFNI
SAMA GÓÐA VIRKNIN

Neutral þvottaduft er orðið enn umhverfisvænna en áður. Við erum búin að þjappa því saman svo að nú þarftu minna magn fyrir sömu virkni. Áherslur okkar eru á umhverfið og þig og því leitumst við stöðugt við að búa til betri vöru sem þú getur notað áhyggjulaus.

- minni skammtur í hvern þvott
- minni orkunotkun við framleiðslu
- minni umhverfismengun
- nýr og léttari pakki

SÉRSTAKLEGA ÞRÓAÐ FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ

ÍSLENSKA/SÍALIS NAT 7/0709 01/15

María Júlía liggur undir skemmdum

Fyrrum björgunarskip Íslendinga, María Júlía, hefur um nokkurt skeið legið við bryggju við Sundahöfn á Ísafirði og þar áður við höfnina á Þingeyri. Skipið tilheyrir Byggðasafni Vestfjarða sem hefur á langtímaáætlun að gera skipið upp og reka sem fljótandi siglingasafn. „Það hefur staðið til í tólf ár að gera Maríu Júlíu upp," segir Björn Baldursson safnvörður. „Fjárskortur stendur helst í vegi fyrir framkvæmdunum og á meðan liggur María Júlía undir skemmdum í höfninni, þetta er bara kapphlaup við tímann og veðuröflin. Það hefur verið í umræðunni að vinna með Hollvinafélagi Húna á Akureyri að viðgerðum á Maríu Júlíu en okkur skortir fjármagn til að starta því samstarfi. En Hollvinafélag Húna hefur bæði mannskap og aðstöðu svo við horfum björtum augum til samstarfs með þeim," segir Björn.

„Þegar hætt var að gera Maríu Júlíu út til fiskjar var hún enn vel haffær og í góðu ástandi. Kviknaði þá sú hugmynd hjá safnvörðunum á Hnjóti og á Ísafirði að kanna hvort söfnin gætu sameinast um rekstur skipsins enda má segja að minjasvæði Vestfjarða sé ekki síður hafið, eyjarnar og landmið af sjó. Snemma sumars 2003 barst eigendum skipsins kauptilboð frá Suður Afríku. Var þá ákveðið að söfnin skyldu freista þess að ganga inn í kauptilboðið með einhverjum ráðum og tryggja að skipið færi ekki úr landi, enda um að ræða skip með mikið sögulegt gildi fyrir Íslendinga auk þess sem skipfræðilegt gildi þess er mikið. Með hjálp þingmanna úr kjördæminu var gert heiðursmannasamkomulag við eigendur skipsins um að söfnin fengju aðstoð þess opinbera við að ganga inn í kauptilboðið. Þannig var komið í veg fyrir sölu skipsins úr landi og svigrúm skapað til að kanna rekstrargrundvöll þess sem fljótandi safns," segir á vef safnsins.

Mikill áhugi er hjá Byggðasafninu að gera Maríu Júlíu að fljótandi siglingasafni.

María Júlía er fyrsta björgunarskip Vestfirðinga og hún var einnig notuð í landhelgisstríðinu 1958 eins og kemur fram á síðu Byggðasafnsins. Skipið var síðan notað sem hafrannsóknarskip á milli stríða og björgunaraðgerða. Skipið er 137 brúttósmálestir að stærð og 27,5 m að lengd, smíðað í Danmörku og kom hingað til lands snemma vors 1950. Auk þess að vera útbúið til björgunarstarfa var það hannað til að gegna fjölþættu hlutverki á sviði hafrannsókna og strandgæslu.

Það hafði lengi verið baráttumál sjómanna, slysavarnafólks og fleiri á Vestfjörðum að fá björgunarskip fyrir landshlutann. Fyrstu krónurnar sem söfnuðust til smíða á Maríu Júlíu voru á Patreksfirði. Það var þegar sr. Einar Sturlaugsson hvatti til söfnunar á björgunarskútu fyrir Vestfirði árið 1933. Það var svo ekki fyrr en 17 árum síðar að draumur sr. Einars varð að veruleika. Í Árbók Slysavarnarfélags Íslands 1950 segir svo um jómfrúarsiglingu Maríu Júlíu til Vestfjarða.

„Á Vestfjörðum var skipinu fagnað á hverri höfn og því búin hin prýðilegasta móttaka. Með í för var forseti Slysavarnafélagsins og fulltrúar slysavarnadeildanna á Vestfjörðum. Er skipið fór fram hjá Bjargtöngum afhenti Þórður Jónsson frá Hvallátrum forseta Slysavarnarfélagsins kr. 1000,00 gjöf í minningarsjóð um Gest Jónsson bróður hans frá foreldrum Gests, systkinum og öðrum vandamönnum, en tilgangur sjóðsins skyldi vera að verðlauna skipverja á „Maríu Júlíu" fyrir björgunarafrek."

Fleiri Vestfirðingar lögðu fram mikið fé til skipsins, en stærst var þó gjöf hjónanna Maríu Júlíu Gísladóttur og Guðmundar Br. Guðmundssonar kaupmanns á Ísafirði, sem árið 1937 gáfu mestallar eigur sínar í björgunarsjóð. Það þótti því vel við hæfi, þegar skipið var loks komið til landsins, að nefna það eftir Maríu Júlíu. Björgunarskipið María Júlía þjónaði hlutverki sínu vel og er talið að áhafnir hennar hafi bjargað um tvö þúsund mannslífum á þeim árum sem hún var við þess háttar störf. Árið 1968 var María Júlía seld einkaaðilum og var eftir það gerð út til fiskveiða, ýmist frá Patreksfirði eða Tálknafirði, allt til ársins 2003 þegar henni var lagt.

– sfg@bb.is

Eyrarrósin 2015

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Eyrarrósin verður veitt í ellefta sinn í mars næstkomandi, fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Markmið viðurkenningarinnar er að beina sjónum að og hvetja til menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar á sviði menningar og lista.

Tíu verkefni verða valin á Eyrarrósarlistann og þrjú þeirra hljóta tilnefningu til Eyrarrósarinnar ásamt peningaverðlaunum og flugmiðum frá Flugfélagi Íslands. Handhafi Eyrarrósarinnar hlýtur verðlaun að upphæð 1.650.000 krónur.

Frú Dorrit Moussaieff, forsetafrú og verndari Eyrarrósarinnar, afhendir verðlaunin.

Umsóknum skal fylgja
Lýsing á verkefninu
Tíma- og verkáætlun
Upplýsingar um aðstandendur
Fjárhagsáætlun

Umsóknarfrestur er til miðnættis **8. febrúar 2015** og verður öllum umsóknum svarað. Þær skulu sendar með tölvupósti til Listahátíðar í Reykjavík á netfangið eyrarros@artfest.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu Listahátíðar í síma 561-2444 og á vefsvæði Eyrarrósarinnar **www.listahatid.is/eyrarrosin**

BYGGÐASTOFNUN
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Listahátíð í Reykjavík

Sjö manns í Minjaráði Vestfjarða

Svokallaður hugmyndafundur var nýlega haldinn á Ísafirði í tengslum við stefnumótun Minjastofnunar Íslands. Á fundinum var einnig sett á stofn minjaráð fyrir Vestfirði en hlutverk þess er að hafa umsjón með minjavörslu í landinu. Minjastofnun fer m.a. með eftirlit með fornminjum, friðuðum húsum og mannvirkjum. Það vinnur einnig að stefnumörkun í málaflokknum sem og skráningu og varðveislu upplýsinga. Tilgangurinn með minjaráðunum er að mynda öflugt bakland fyrir þjóðminjavörsluna og efla tengsl við fólk sem lætur sig þessi mál varða. Í flestum landshlutum hefur verið starfandi minjavörður sem stýrir starfi minjaráðanna, en slíkur hefur ekki verið á Vestfjörðum frá 2011. Nú stendur hins vegar til að bæta úr því og á næstunni verður starf minjavarðar Vestfjarða auglýst.

Í Minjaráði Vestfjarða eru auk tilvonandi minjavarðar Vestfjarða þau Jón Sigurpálsson safnstjóri Byggðasafns Vestfjarða og Steinunn Kristjánsdóttir prófessor í fornleifafræði við HÍ sem eru tilnefnd af Þjóðminjaverði, Guðrún Stella Gissurardóttir forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum og Ingibjörg Emilsdóttir hótelstjóri á Hólmavík sem tilnefnd eru af Fjórðungssambandi Vestfjarða og Jón Jónsson þjóðfræðingur og menningarfulltrúi Vestfjarða og Nanna Sjöfn Pétursdóttir skólastjóri Grunnskóla Vesturbyggðar sem tilnefnd eru af Minjastofnun. *– sfg@bb.is*

Segir Gísla Halldór koma sök á aðra

Díoxínmengun fannst víða í Engidal, ólíkt því sem Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur haldið fram. Þetta kemur fram í grein Jóns Gíslasonar, forstjóra Matvælastofnunar í Fréttablaðinu á laugardag. Jón segir að Gísli Halldór hafi komið fram með rangfærslur um afleiðingar mengunar frá Funa. „Í stað þess að gera hreint fyrir sínum dyrum neitar hann bótaskyldu, býður þó einhverjar bætur fyrir mengunartjón, en reynir um leið að koma sök á aðra," skrifar Jón. Í Fréttablaðinu í síðustu viku sagði Gísli Halldór: „Það kann að hljóma undarlega, en ég hef aldrei séð gögn sem sýna fram á díoxínmengun í þessu kjöti úr Engidal, marktækt yfir mörkum. "

Jón tekur undir með Gísla Halldóri að þetta hljómi undarlega því að mengun hafi fundist víða: „Upphaf málsins má rekja til greiningar MS á mjólkursýni sem sýndi mengun af díoxíni og skyldum efnum yfir hámarksgildi. Mengunin var staðfest af Matvælastofnun. Framleiðandi stöðvaði í varúðarskyni dreifingu osta sem gátu verið úr mjólk úr Engidal og Matvælastofnun stöðvaði dreifingu mjólkur frá býlinu þar sem mengun var staðfest. Mengun mældist einnig í nautakjöti marktækt yfir hámarksgildi. Framleiðandi innkallaði í varúðarskyni nautakjötsafurðir og neytendur voru upplýstir. Sýni af lambakjöti sýndu að tvö voru eðlileg miðað við bakgrunnsgildi fyrri mælinga, lítil hækkun var í tveimur, en meiri í þremur og þar af eitt yfir hámarksákvæði, þó ekki marktækt. Þetta hengir bæjarstjórinn sig á. Þar sem mælingin sýndi ekki marktæka niðurstöðu yfir hámarksgildi, þá gæti mengunin verið minni. Með sömu rökum gæti mengunin einnig verið meiri! Eigum við þá að láta sem ekkert sé?"

Gísli Halldór sagði í sömu frétt í Fréttablaðinu að MAST hafi valdið uppnámi með því að banna dreifingu á kjöti úr Engidal og með því að innkalla kjöt frá Evrópu. Jón segir að sláturleyfishafinn hafi innkallað kjötið frá Evrópu og að MAST hafi ekki heimildir til þess. „Matvælastofnun gat hins vegar ekki heimilað dreifingu afurða nema fyrst færu fram viðamiklar mælingar. Mengun búpenings með díoxíni er ekki dýrasjúkdómur og því ekki forsendur til að fyrirskipa slátrun. Vandamálið er uppsöfnun mengunarefna sem skila sér í mjólk og kjötafurðir.

Engidalur og Funi meðan sorpbrennslustöðin var enn í rekstri.

Hefði slátrun verið fyrirskipuð hefði bótaskylda að líkindum færst á ríkið. Af því varð ekki og auðvelt að skilja gremju þeirra sem sitja uppi með eigið mengunartjón," segir í grein Jóns.

Jón segir að Gísli Halldór reyni að koma sök á aðra og spyr hvort ekki sé rétt að staldra við og spyrja hver hafi valdið og borið ábyrgð á menguninni og hvers vegna Funa hafi verið lokað. Hann lýkur greinni með því að segja: „Það er mikilvægt ef vart verður mengunar að brugðist sé við gagnvart mengunarvaldi og að réttur neytenda til upplýsinga og öruggra afurða sé virtur. Matvælastofnun og fyrirtæki hafa axlað þessa ábyrgð og það gerði Ísafjarðarbær með lokun brennslunnar. Undir bótum standa svo þeir sem ábyrgir voru fyrir menguninni."

– smari@bb.is

Árgangurinn of stór fyrir Eyrarsól

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hefur tekið ákvörðun um að leikskóldadeildin Eyrarsól verði ekki starfrækt næsta vetur. Á deildinni hafa fimm ára börn úr báðum leikskólum Ísafjarðar verið síðasta veturinn áður en þau fara í grunnskóla. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að árgangurinn sem hefði átt að fara á Eyrarsól sé of stór til að hann komist fyrir á 2. hæð Sundhallar Ísafjarðar þar sem Eyrarsól hefur verið til húsa í þau tvö ár sem deildin hefur verið starfrækt.

„Við leituðum leiða til að koma árganginum fyrir með því að nýta hús í grenndinni en það var á endanum ekki talið ásættanlegt af starfsmönnum," segir Gísli Halldór. Næsta vetur klára fimm ára börn leikskólagöngu á sínum leikskólum, þ.e. Sólborg og Eyrarskjóli. Gísli Halldór segir ekki útilokað að við þetta gæti myndast biðlisti í skamman tíma.

„Miðað við fjölda barna sem við vitum af í bænum, og þá er ég ekki bara að tala um börn sem hafa pantað leikskólapláss, þá er ekki hægt að útiloka að það verði eitt til fimm börn á biðlista vorið 2016," segir Gísli Halldór. Hann bætir við að í maí 2016 fari stór árgangur úr leikskólunum og þá þurrkist biðlistar út miðað við þær forsendur sem unnið er með. „Ef það verða verulegar breytingar á forsendum þá verður brugðist við."

Hann hefur fundið fyrir því að foreldrar sjái eftir fimm ára deildinni. „Þetta hefur verið vinsæll kostur og fólk sér eftir þessu. Eyrarsól var hugsuð sem tveggja ára tilraun og þetta verður haft í huga í framtíðarpælingum um leikskólamál," segir Gísli Halldór Halldórsson.

– smari@bb.is

Hlíðarvegur endurgerður

Ísafjarðarbær hefur boðið út gatnagerð og lagnaframkvæmdir á Hlíðarvegi á Ísafirði. Um er að ræða síðari áfanga endurbyggingar Hlíðarvegs, en árið 2005 var gatan endurgerð frá Bæjarbrekku að Hallabrekku.

„Það má segja að það sé búið að bíða eftir því að fara í að klára Hlíðarveginn frá því 2006-07. Gatan er eiginlega handónýt og það þarf að skipta um allt efni í henni," segir Jóhann Birkir Helgason bæjartæknifræðingur. Skipt verður um lagnir í götunni og lagt tvöfalt kerfi í stað einfalds. „Þá eru niðurföllin aðskilin frá skólpi frá húsum. Vatn úr niðurföllum má fara beint niður í fjöru en skólpi er dælt lengra út á Skutulsfjörðinn," segir Jóhann Birkir.

Verkið felst í endurgerðar Hlíðarvegs, lagnir, uppúrtekt, fyllingar, neðra- og efra burðarlag, gangstéttir og lýsingu. Í götunni er einfalt holræsakerfi og skal leggja tvöfalt kerfi. Helstu stærðir verksins eru: Gröftur í götustæði: 4.100 m³. Holræsalagnir: 1.200 m. Vatnslagnir: 500 m. Hellulögn: 600 m². Útboðsgögn verða til sýnis og sölu frá og með 16. janúar og verklok eru 1. október 2015.

– smari@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

GREIÐENDUR FASTEIGNAGJALDA ATHUGIÐ!

Álagningarseðill fasteignagjalda 2015 verður ekki sendur út á pappírsformi. Greiðendur geta flett honum upp á vefsíðunni www.island.is eða með því að smella á hnappinn „Bæjardyr - reikningar" á forsíðu heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Nánari leiðbeiningar um innskráningu má fá með því að smella á hnappinn „Álagning fasteignagjalda" hægra megin á forsíðu heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is. Seðillinn verður þó sendur til íbúa fædda 1946 og fyrr. Þá er hægt að óska eftir að fá seðilinn sendan á pappírsformi með því að senda tölvupóst á innheimta@isafjordur.is eða hringja í síma 450 8000. Athygli skal vakin á að ekki er veittur staðgreiðsluafsláttur í ár.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir félaga- og félagasamtaka um styrk til greiðslu á fasteignagjöldum. Styrkurinn er að hámarki 130.000 krónur og skal umsóknum skilað fyrir lok febrúar. Umsóknareyðublöð má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar eða á bæjarskrifstofunni, Hafnarstræti 1.

Opnað hefur verið fyrir umsókn um lækkun á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega. Umsóknir vegna fráfalls maka á árinu 2014 skal skilað fyrir lok febrúar. Umsóknareyðublöð fást á vef Ísafjarðarbæjar eða á bæjarskrifstofunni, Hafnarstræti 1.

Tók úrslit kosnin

„Þegar ég er spurður hvaðan ég sé, þá segi ég stundum í gamni, að ég sé úr Norðvesturkjördæmi. Mamma mín átti heima í Borgarnesi en skrapp út á Akranes til að eiga mig. Leikskólaárin mín var ég í Borgarnesi en grunnskólaárin á Hvammstanga. Síðan fór ég í Skagafjörðinn í framhaldsskóla og var á þeim tíma mjög lítið heima á Hvammstanga. En ef ég á að nefna ákveðið svæði og ákveðinn stað, þá segist ég helst vera Húnvetningur og frá Hvammstanga. Það er hins vegar ótvírætt að móðir mín er Borgfirðingur að uppruna," segir Jónas Þór Birgisson, lyfsali á Ísafirði og bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ.

Jónas er búsettur í Hnífsdal ásamt fjölskyldu sinni. Anna Katrín Bjarnadóttir eiginkona hans er úr Dýrafirði, alin upp framan af í Neðri-Hjarðardal, þar sem Karl Andrés Bjarnason bróðir hennar býr núna, og síðan á Þingeyri. Þau eiga fjögur börn, tvo stráka og tvær stelpur á aldrinum tæplega tíu ára til nítján ára. Anna Marý er rétt að verða tíu ára, Bjarni Pétur Marel er á fimmtánda ári, Magðalena er sautján ára og Þórólfur Marel er á tuttugasta aldursári.

Anna Jónasdóttir móðir Jónasar er úr Borgarfirði eins og áður segir. Birgir Marel Jóhannsson faðir hans er úr Reykjavík, en fósturfaðir hans er Vilhjálmur Pétursson frá Stóru-Borg í Vestur-Húnavatnssýslu.

Frelsið úti á landi er ómetanlegt

Eftir stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki fór Jónas suður til náms í Háskóla Íslands.

„Þegar ég var búinn með lyfjafræðina var ég eitt ár að vinna í Kópavoginum. Þá hringdi Ásbjörn Sveinsson, sem átti Ísafjarðar apótek, og bauð mér vinnu. Tengdasonur hans, sem var fyrrverandi bekkjarbróðir minn, hafði verið að vinna hjá honum en vildi komast aftur suður. Hann sagði Ásbirni að prófa að heyra í honum Jónasi, hann væri utan af landi og ætti auk þess konu að vestan og væri líklega alveg til í að flytja vestur.

Og það varð úr. Við hjónin höfðum alltaf sagt, að ef okkur byðist vinna úti á landi, þá myndum við flytja. Reykjavík hefur margt að bjóða, en frelsið úti á landi, ekki síst fyrir börnin, er bara ómetanlegt."

Þetta var árið 2000 sem þau komu vestur. Þá var Jónas 28 ára gamall.

„Fyrsta árið bjuggum við inni á Ísafirði, en 2001 flytjum við hingað í dalinn minn og hér höfum við búið síðan. Það var svo árið 2003 sem Ásbjörn seldi Lyfju apótekið á Ísafirði og mig með," segir hann.

Dalurinn, hundurinn, stjörnurnar og norðurljósin

Fjölskyldan á heima að Bakkavegi 39 í Hnífsdal. Það er innsta húsið við Bakkaveginn og þar með innsta húsið í Hnífsdalsþorpi, innsti bærinn í dalnum, eins og Jónas segir.

„Ég upplifi það eins og við eigum heima úti í sveit. Flestöll kvöld fer ég aðeins út í garðinn minn, bara til að hlusta á kyrrðina. Á sumrin er óviðjafnanlegt að standa úti í garðinum seint á kvöldin og heyra fuglasöng og niðinn í Hnífsdalsánni, en algjöra kyrrð að öðru leyti. Það er eiginlega alveg sama hvað dagurinn hefur verið erfiður, maður finnur hvernig batteríin hlaðast. Eftir að við fengum okkur hund, þá rölti ég líka með hann inn í dalinn minn á kvöldin og við horfum á stjörnurnar og norðurljósin í algerri kyrrð. Mér finnst það dásamlegt.

Mér gremst það mjög þegar ég heyri fólk segja, að ef við ætlum að efla Ísland í samkeppni við önnur lönd, þá verðum við að efla höfuðborgina. Ef ég gæti ekki búið á stað eins og þeim sem ég bý á, þá myndi ég bara alls ekki búa á Íslandi. Ef ég þyrfti að flytja til Reykjavíkur, þá myndi ég miklu frekar vilja búa í sambærilegri smáborg á hinum Norðurlöndunum, nú eða í alvöruborg eins og Kaupmannahöfn. Ég held að við þurfum nefnilega ekki síður að styrkja byggðirnar úti á landi ef við ætlum að halda landinu í byggð, og jafnvel frekar.

Sem betur fer hugsa ekki allir eins og ég, en ég spyr mig: Hvað í ósköpunum getur Reykjavík boðið upp á sem Kaupmannahöfn getur ekki gert betur?"

Hnífsdalur er einn af fimm byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar, þó að undarlega margir haldi að þeir séu aðeins fjórir.

„Mér finnst þetta fjölkjarna fyrirkomulag vera eitt af því sem gerir Ísafjarðarbæ að því sem hann er. Því finnst mér ótrúlega sorglegt þegar ég heyri einhvern tala niður til einhvers af kjörnunum okkar.

Hérna viljum við helst vera, hér líður okkur óskaplega vel. Það er langt síðan ég fór að líta á mig sem Hnífsdæling og Vestfirðing," segir Jónas.

Umboðsmaður fyrir allt nema Moggann

– Hvers vegna varð lyfjafræðin fyrir valinu?

„Ég vissi eiginlega ekki hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór, eins og ég hef orðað það. Þegar ég fór í framhaldsskólann á Sauðárkróki byrjaði ég á hagfræðibraut. Ég hef alltaf haft áhuga á einhverju tengdu bísniss. Þegar við félagi minn vorum guttar á Hvammstanga vorum við umboðsmenn fyrir Tímann, Þjóðviljann, Dag, Dagblaðið og Alþýðublaðið ...

– Sumsé nánast allt nema Moggann ...

„Allt nema Moggann! Ég hafði snemma gaman af einhverju svona stússi, einhverju rekstrartengdu. Já, ég byrjaði á hagfræðibraut, en ég hef alltaf verið stærðfræðiþenkjandi og fór líka á náttúrufræðibraut, langaði að fara í eitthvað tengt stærðfræðinni. Svo vissi ég ekki hvað í veröldinni ég ætti að gera í framhaldinu, hafði ekki hugmynd um hvað ég ætti að læra, og fór þess vegna í áhugasviðspróf hjá námsráðgjöfinni í Háskóla Íslands.

Það varð til þess að ég skellti mér í lyfjafræðina, því að þar skoraði ég hátt. Þar gæti ég hugsanlega verið í einhverju rekstrartengdu jafnframt því sem ég væri í efnafræði og líffræði, auk þess að vera í samskiptum við fólk.

Þetta sameinaði eiginlega allt sem ég hafði áhuga á, svo framarlega sem maður er í apóteki en ekki í lyfjaverksmiðju eða á rannsóknastofnun. Lyfjafræðingur í apóteki er bæði í efnafræðinni og samskiptum við fólk. Ég hafði strax mjög gaman af þessu og hef enn."

Ísafjörður á gamla og glæsta sögu

– Þið kona þín voruð búin að krækja hvort í annað löngu áður en þú komst vestur.

„Já, löngu áður. Við kynntumst í fjölbrautaskólanum á Króknum. Hún var þar í grunnnámi fyrir gæðastjórn og verkstjórn í frystihúsum áður en farið væri í Fiskvinnsluskólann sjálfan. Þetta grunnnám var og er óvíða í boði, en það var í boði í skólanum fyrir norðan. Við flytjum svo saman til Reykjavíkur og höldum þar bæði áfram í námi."

Núna vinnur Anna Katrín á Hlíf á Ísafirði og gegnir þar nokkrum ólíkum störfum í sama húsinu, eða í mötuneytinu, í verslunni sem er opin klukkutíma á dag, og í ræstingum. Á sínum tíma vann hún í Gamla bakaríinu og hefur síðan gripið þar í afleysingar af og til.

„Ísafjörður á gamla og glæsta sögu og þar er Gamla bakaríið ekki ómerkast," segir Jónas.

Uppalinn á eldrauðu heimili

Í samræmi við úrslit í prófkjöri skipaði Jónas Þór annað sætið á lista Sjálfstæðisflokksins við bæjarstjórnarkosningarnar í Ísafjarðarbæ á liðnu vori, næstur á eftir Daníel Jakobssyni. Hann er einn af þremur bæjarfulltrúum flokksins og einn af fjórum bæjarfulltrúum sem skipa minnihlutann, þar af einum frá Framsóknarflokki, en Í-listinn fékk fimm menn kjörna og þar með hreinan meirihluta.

– Varstu eitthvað búinn að koma við sögu í pólitíkinni áður?

„Já, ég gekk í Sjálfstæðisflokkinn fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 2002 og var þá í sjötta eða sjöunda sæti á lista flokksins. Frá þeim tíma hef ég starfað nokkuð í grasrótinni, búinn að vera í stjórn Sjálfstæðisfélags Ísafjarðar í allmörg ár og formaður í nokkur ár, hef setið í fulltrúaráðinu og eitthvað slíkt.

Ég hef alltaf haft áhuga á pólitík. Ég er alinn upp á mjög pólitísku heimili, en eldrauðu! Fósturpabbi minn sem ól mig upp er Húnvetningur og var mikill Alþýðubandalagsmaður. Mamma var nú ekki eins pólitísk. Hún var fyrst framsóknarkona en var svo orðin Alþýðubandalagsmanneskja eins og pabbi.

Það var mikið rætt um pólitík á mínu heimili alveg frá því að ég man eftir mér. Það er svo merkilegt, að systkini mín urðu öll á þessari vinstri línu, en ég var það aldrei. Hinn pabbi minn, sá pabbi minn sem bjó mig til, eins og ég segi, sem ég kynntist ekki fyrr en ég var kominn undir tvítugt, hann er aftur á móti sjálfstæðismaður. Mér finnst þetta dálítið sérkennilegt og jafnvel spaugilegt. Ég ætla nú samt ekki að halda því fram að pólitískar skoðanir séu genetískar!"

Fær flakkara tvisvar í mánuði

Jónas segir að hann hafi verið búið að hálflanga nokkrum sinnum að fara í prófkjör en aldrei séð fram á að hann hefði tíma í þetta. „Ég vil ekki fara út í neitt svona ef ég hef ekki tíma til að sinna því."

– En hvað varð þá til þess að þú gerðir það núna? Var það að eigin frumkvæði eða var ýtt á þig að gera það?

„Eiginlega hvort tveggja. Ég var reyndar hvattur til að fara í prófkjör. Ég ræddi við stjórnendur Lyfju og fékk þá til að auglýsa eftir lyfjafræðingi með mér. Þegar ég var búinn að fá samþykki fyrir því ákvað ég að

nganna mjög nærri mér

skella mér í þetta. Svo sótti reyndar enginn lyfjafræðingur um starfið þannig að ég er hér einn eftir sem áður, nema hvað ég fæ í staðinn flakkara úr Reykjavík tvisvar í mánuði til að létta undir með mér.“

Mér fannst ég hafa brugðist

– Núna ertu kominn með meira en hálfs árs reynslu af setu í bæjarstjórn. Finnst þér það skemmtilegt, er það eitthvað frábrugðið því sem þú gerðir ráð fyrir?

„Mér finnst það mjög gaman. Og svipað og ég bjóst við, nema að einu leyti: Ég stefndi auðvitað að því að vera í meirihluta! Það er náttúrlega ekki alveg það sama.

Mig langaði til að taka þátt í prófkjöri bæði 2006 og 2010 en taldi mig ekki hafa tíma til að sinna störfunum sem af því gætu hlotist og sleppti því þar með. Núna ákvað ég sem sagt loksins að slá til. Það urðu mér því gríðarleg vonbrigði, að þá galt Sjálfstæðisflokkurinn hér afhroð. Þegar ég legg eitthvað fyrir mig, þá geri ég það af einlægni. Ég tók úrslit kosninganna mjög nærri mér, enda fannst mér við sjálfstæðismenn í Ísafjarðarbæ hafa sterka málefnastöðu og skila af okkur mjög góðu búi.

Ég velti því mikið fyrir mér hvað ég hefði gert rangt, eða hvað ég hefði ekki gert, því að mér fannst ég hafa brugðist öllu því fólki sem studdi mig í prófkjörinu.“

Fólk saman í liði í flestum málum

„En ég get ekki sagt að starfið í bæjarstjórn hafi komið mér neitt sérstaklega á óvart, þetta er mjög svipað því sem ég gerði ráð fyrir. Svo sit ég í fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar, það er málaflokkur sem er mér mjög hugleikinn. Ég átti líka um tíma sæti sem aðalmaður í þeirri nefnd fyrir nokkrum árum. Líka var ég á sínum tíma í umhverfisnefnd. Þarna vinna allir saman sem einn hópur, skiptir engu hvar fólk er í pólitík.“

– Gildir það ekki líka í meginatriðum um bæjarstjórnina sjálfa?

„Það er helst að verið sé að takast á um einhver atriði eða áherslur varðandi fjárhagsáætlun eða slíkt. Í flestum málum held ég að fólk sé nú saman í liði að vinna í sameiningu að hagsmunum bæjarfélagsins, hvort sem það er í bæjarstjórninni eða í nefndum.“

Stundar hvorki hestamennsku né fjallgöngur

Fyrir tæpum þremur árum var stutt spjall við Jónas Þór í tímariti Lyfju, sem nefnist *Lifið heil*. Tilefnið var að gerðar höfðu verið miklar breytingar á húsnæði apóteksins á Ísafirði og vöruúrvalið aukið. Í þessu spjalli segir Jónas m.a. aðspurður um það hvað það sé helst sem heillar við Djúpið:

„Það er náttúran og fólkið. Ég kann ákaflega vel að meta þetta persónulega samband sem myndast á svona litlum stað og það að þekkja fólkið í kringum mig. Þá er nálægðin við náttúruna og útivist mögnuð. Sem dæmi þá er ég ekki nema 11 mínútur á löglegum hraða frá heimili mínu upp á skíðasvæðið. Og öll önnur útivist er ennþá nær, hvort sem það er hestamennska, fjallgöngur eða kajakróður. Þannig að ég er afar ánægður með að hafa skotið rótum hér fyrir vestan.“

Í ljósi þessara ummæla er kannski ekki óeðlilegt að Jónas sé spurður nánar um áhuga hans á útivist og hvort hann sé mjög duglegur í þessum greinum sem nefndar eru. Hann fær ekki varist hlátri.

„Ég stunda nú ekki neitt af þessu sjálfur svo heitið geti, hvorki skíði, hestamennsku, fjallgöngur né kajakróður! Þarna var ég bara að svara því almennt hvað væri svo frábært við að búa á stað eins og hér. Það væri ekki nema örstutt að fara til að sinna hvers kyns útiveru. Þetta var kannski hugsað sem sölumennska fyrir bæinn okkar, því að alls kyns útivist er inni í dag, ef svo má að orði komast.

Það er nú samt kannski rétt að taka fram, að ég hef auðvitað farið á skíði og á hverju sumri fer ég á kajak með vinafólki okkar hjóna sem á sumarbústað í Önundarfirði. Það er eiginlega engu líkt að róa á kajak seint að kvöldi í algjörri kyrrð á sléttum Önundarfirðinum með fugla syndandi í kringum sig.“

Jónas kveðst hins vegar fara í gönguferðir úti í náttúrunni, – „en ég reyni að drífa börnin mín í hitt allt saman.“

Lyfsala á Ísafirði í 180 ár

Til fróðleiks og upprifjunar varðandi lyfsölu á Ísafirði skal tilfærð hér klausa úr áðurnefndu tímariti Lyfju.

Lyfsala hefur verið starfrækt á Ísafirði síðan 1835 þegar fyrsti héraðslæknirinn settist að á Ísafirði, A. P. Jensen. Lyfsala var í höndum héraðslæknisins á Ísafirði allt til ársins 1910 er lyfsalan var falin sérfræðingi og greinin gerð að sjálfstæðum atvinnurekstri.

Fyrsti eiginlegi lyfsalinn á Ísafirði var Gustav Rasmussen sem fékk lyfsöluleyfið 1910 en opnaði ekki Lyfjabúð Ísafjarðar fyrr en árið eftir. Rasmussen fór frá Ísafirði 1920 og í stað hans kom Gunnar Juul frá Danmörku. Hann rak Lyfjabúð Ísafjarðar til 1943 er hann varð bráðkvaddur um aldur fram.

Við rekstri lyfjabúðarinnar tók danskur lyfsali sem starfrækti lyfsölu í Stykkishólmi, Hans Albert Svane. Svane rak lyfsöluna í um 20 ár og árið 1964 tók loks íslenskur lyfsali við Lyfjabúð Ísafjarðar, Ásgeir Ásgeirsson.

Árið 1973 tók svo Hrafnkell Stefánsson við keflinu og starfaði sem lyfsali á Ísafirði til ársins 1984 þegar Ásbjörn Sveinsson tók við. Ásbjörn starfrækti lyfjabúðina allt fram til ársins 2003 er Lyfja keypti reksturinn af Ásbirni, en þá hafði nafn apóteksins verið Ísafjarðar apótek um margra ára skeið.

Félagsmál eru helsta áhugasviðið

Varðandi tómstundagaman segir Jónas að yfirleitt hafi tíminn farið mest í vinnu og að sinna börnunum og aðstoða þau í íþróttastarfi og félagsstarfi. Lítill tími hafi verið fyrir einhver áhugamál þar fyrir utan.

„Nema það sem ég hef verið að taka þátt í samfélagsmálum. Ég var í þó nokkuð mörg ár formaður í foreldrafélagi í leikskóla og svo hef ég verið gjaldkeri í björgunarbátasjóðnum í tíu ár eða eitthvað þar um kring.

Það má alveg segja að samfélagsmál og félagsmál almennt séu helsta áhugasviðið mitt. Reyndar hef ég gaman af spilamennsku, hafði mjög gaman af því að spila brids, en svo hætti ég að gefa mér tíma í slíkt.“

Sektaður fyrir brot á lyfjalögum

Eins og fram kom í fréttum féll skömmu fyrir jólin dómur í Héraðsdómi Vestfjarða, þar sem Jónas var sýknaður af fölsunarákæru en dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot á lyfjalögum. Var honum gefið að sök að hafa

í tvígang afgreitt lyfseðilsskyld lyf án þess að á þeim tíma væri fyrir hendi gildur lyfseðill, eða það sem í daglegu tali hefur verið kallað að „afgreiða lyf út á væntanlegan lyfseðil“. Um var að ræða sýklalyf og kalklyf fyrir nautgripi. Í framhaldi af þessum dómi skrifaði Jónas grein sem birtist á vefnum bb.is og sagði þar meðal annars:

„Vissulega er það engin réttlæting á broti að líklega hafi nánast allir apótekslyfjafræðingar, sem ekki eru nýútskrifaðir, gert það sama. Það er vissulega ekki heldur nein afsökun fyrir broti að áralöng hefð sé fyrir slíkri afgreiðslu, en sú er nú raunin. Ef einstaklingur kemur í apótek utan opnunartíma heilsugæslustöðvar og hyggst leysa út lyfseðil en í ljós kemur að lyfseðill fyrir lyfinu sem viðkomandi vantar er útrunninn eða fullnýttur, þá hefur verið hefð fyrir því að bjarga viðkomandi þótt það sé vissulega ekki samkvæmt lagabókstafnum. Viðkomandi einstaklingur verður sér svo úti um lyfseðil um leið og hann nær sambandi við lækni og sá lyfseðill er nýttur til að klára umrædda afgreiðslu.“

Einnig sagði Jónas í grein sinni, að honum þætti ótrúlega vænt um þann stuðning sem hann hefði fundið í bænum sínum og í bæjarfélögunum í kring.

„Mér hefur eiginlega þótt ennþá vænna um þessi viðbrögð fólks í ljósi þess að ég fór út í blessaða pólitíkina. Það hefði nefnilega verið eitthvað svo „týpískt“ að nýta sér þessi vandræði mín til að klekkja á pólitískum andstæðingi, en ég hef hvergi orðið var við það. Þannig hefur stuðningurinn sem ég hef fundið verið algjörlega óháður því hvort um sé að ræða andstæðinga eða samherja í pólitíkinni og það hefur mér þótt ótrúlega vænt um. Ég er kannski barnalegur, en ég vil trúa því að við sem störfum í pólitík séum öll að reyna að gera það sem við erum sannfærð um að sé best fyrir samfélagið, í þessu tilfelli bæinn okkar. Þar með eigi ekki að velta sér upp úr persónulegum vandræðum pólitískra andstæðinga, en þannig eru hlutirnir því miður ekki alltaf.“

Forréttindi að vera í launaðri endurmenntun

Alveg frá því mjög fljótlega eftir að Jónas kom vestur hefur hann verið í stundakennslu í Menntaskólanum á Ísafirði.

„Mér finnst það óskaplega skemmtilegt. Ég hef verið að kenna lyfhrifafræði, eins og það heitir, á sjúkraliðabraut, og síðan hef ég verið að kenna ýmsa áfanga í efnafræði. Ef það vantar kennara í einhvern áfanga í efnafræðinni, þá hóar skólameistari bara í mig. Mér finnst það ákaflega gefandi að kenna, en svo er líka annað í þessu:

Að vinna í apóteki í dag er allt öðruvísi en fyrrum. Núna er engin lyfjaframleiðsla lengur í apótekum. Í lyfjafræðinámi er maður að læra mjög mikið í efnafræði og skyldum greinum, sem maður notar síðan sáralítið. Og það sem maður notar mjög lítið, því gleymir maður.

Þegar maður er hins vegar að kenna þessar greinar, þá verður maður auðvitað að rifja kunnáttuna upp og halda henni við, því að ekki vill maður standa á gati frammi fyrir nemendum. Ég segi stundum að ég búi við þau forréttindi að vera í launaðri endurmenntun! Kennslan brýtur líka upp daginn og gerir hann fjölbreyttari. Mér finnst þetta mjög gaman.“

– Hlynur Þór Magnússon.

Sælkeri vikunnar eru Guðrún M. Ásgeirsdóttir og Magnús Valsson á Ísafirði

Kjúklingasalat og grískt jógúrt

Eftir allar veislurnar og jólaboðin nú um hátíðarnar er gott að fá sér eitthvað létt í matinn. Salatið er oft á boðstólnum á okkar heimili, það er einfalt að útbúa það og tekur ekki langan tíma. Fyrir þá sem ekki hafa fengið nóg af sætindum og rjóma, látum við fylgja uppskrift af desert sem var prófaður um jólin.

Kjúkklingasalat
að hætti Rúnu
Fyrir marga.

Kjötið:

Kjúklingabringurnar skornar í litla bita og steiktar á pönnu. Kryddaðar með kjúklingakryddi,-þegar kjötið hefur lokast er hellt út á pönnuna BBQ honey mustard (eða aðrar tegundir af BBQ sósu) og kjúklingurinn látinn malla þar til hann er tilbúinn.

Salat:

Klettasalat eða annað gott salat
Kirsuberjatómatar skornir í tvennt, 1 box
Agúrka 1 stk
Rauðlaukur 1 stk
Avakadó (ég nota mangó) 1 stk
Ristaðar furuhnetur
Fetaostur (ekki setja olíuna með)
Jarðarber- mjög mikilvægt, 1 box
Tortilla flögur

Grænmetið skorið í hæfilega bita og blandað saman.

Sósan:

2dl olía, (nota olíuna af fetaostinum eða einhverja aðra sem til er)
1 dl Balsamedik
1 dl Dijon sinnep
2 dl sýróp
Marður hvítlaukur

Þetta er frekar stór uppskrift- hægt er að minnka hana allt niður í matskeiða mælingar, bara að passa hlutföllin. Grænmeti og kjúklingi blandað saman og sósan sett yfir. Engin sérstök hlutföll milli grænmetis og kjöts, bara eins og hverjum þykir gott. Namminamm :

Grísk jógúrt með hunangi og pistasíuhnetum

500 ml grísk jógúrt
250 ml rjómi, þeyttur
1 tsk vanilludropar
Fljótandi hunang
100 gr pistasíuhnetur, saxaðar
Granateplafræ

1. Takið fjögur glös og hellið í þau botnfylli af hunangi.
2 . Blandið varlega saman grískri jógúrt, þeyttum rjóma og vanilludropum.
3. Látið jógúrtblönduna varlega yfir hunangið í botni glasanna .
4. Setjið smá af hunnangi yfir jógúrtblönduna og endið á pistasíuhnetum og granateplafræjum.

Verði ykkur að góðu. Við skorum á Guðjón Helga Ólafsson og Jónu Hólmbergsdóttur að koma með næstu uppskrift.

Karl Ingi tekinn við

Karl Ingi Vilbergsson tók við embætti lögreglustjóra á Vestfjörðum á áramótum. Embættið er nýtt af nálinni, og varð til um áramótin þegar ný embætti lögreglustjóra og sýslumanna á Íslandi urðu til. „Starfið leggst bara ljómandi vel í mig," segir Karl sem hefur starfað sem aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Á skrifstofu lögreglustjórans á Vestfjörðum starfa auk Karls löglærður fulltrúi og einn skrifstofumaður. Hann segir engar breytingar á löggæslumálum fylgja þessu nýja embætti.

„Það eru engar breytingar í sjálfu sér í starfi lögreglunnar.

Karl Ingi Vilbergsson, lögreglustjóri á Vestfjörðum.

Það er verið að færa lögregluna frá sýslumanni og innra skipulag lögreglu verður óbreytt," segir hann. Þessa dagana er hann að koma sér fyrir í nýju starfi og í nýju húsi. „Ég er einn til að byrja með og svo kemur fjölskyldan með vorinu," segir Karl.

Janusz Butkiewicz býr á Flateyri ásamt konu sinni og tveimur börnum.

„Það veit enginn hvað verður"

Þegar flutningabílar eða trillur renna að bryggjunni á Flateyri tekur Janusz Butkiewicz oftar en ekki á móti þeim á lyftara frystihússins. Janusz sem er glaðvær og snaggaralegur, tekur á móti öllum með spjalli og bros á vör, og afgreiðir fiskinn hratt og vel. Janusz hefur unnið hjá Artic Odda og fengið uppsagnarbréf þaðan eins og aðrir starfsmenn. Hvað verður í framhaldinu er óvíst en Janusz var þó ekki svartsýnn þegar bb.is hafði samband við hann, kannski er það honum ekki eðlislægt.

„Ég er með þriggja mánaða uppsagnarfrest ólíkt flestum sem eru bara með einn mánuð, svo ég mun vinna út mars. Ég hef unnið í frystihúsinu í rúmlega átta ár, og búið jafnlengi á Flateyri, en kem upphaflega frá Suwalki í Póllandi. Bærinn er um 300 kílómetra frá Varsjá og þar búa um 70-80 þúsund manns," segir Janusz og hlær. „Það veit enginn hvert framhaldið verður og við verðum bara að hugsa það þegar þar að kemur. Ætli ég fari ekki og tali við Vinnumálastofnun í apríl. Þeir eru með námskeið sem mig langar á, ef það verður ekki áframhaldandi vinna."

Janusz á konu og tvö lítil börn og konan hans er nýbyrjuð að vinna á leikskóla á Ísafirði. „Konan mín er með samning næsta hálfa árið í nýja starfinu og ef ég verð ekki kominn með vinnu fyrir það förum við hugsa okkar gang. Kannski munum við búa áfram á Flateyri, kannski Ísafirði eða fara til Reykjavíkur því þar er meiri atvinna, jafnvel þó húsnæðisverð þar sé mjög hátt. En við ætlum að búa á á Íslandi, verðum bara að skoða hvar þegar þar að kemur," segir þessi káti lyftaramaður.

– sfg@bb.is

Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu

Önnu Lilju Sigurðardóttur
Aðalstræti 24, Ísafirði

Erlingur Tryggvason
Reynir Erlingsson
Sigurður Jóhann Erlingsson Ragnhildur Einarsdóttir
Sólveig Erlingsdóttir Halldór Karl Valsson
og barnabörn

SFR
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Óskast til leigu

SFR - stéttarfélag óskar eftir íbúðum og/eða sumarhúsum til leigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2015, á sunnanverðum Vestfjörðum. Einungis fullfrágengið húsnæði í góðu ásigkomulagi kemur til greina, auk þess sem húsnæðið þarf að vera fullbúið húsgögnum og búnaði. Lóðir þurfa einnig að vera fullfrágengnar.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Önnu Dóru Þorgeirsdóttur, verkefnastjóra SFR á netfangið dora@sfr.is fyrir 27. janúar nk. Allar almennar upplýsingar verða að koma fram s.s. verð, almennt ástand eignarinnar, staðsetning, stærð, möguleikar á fjölda gesta, aldur eignar, aðstaða (heitir pottar og slíkt), lýsing á útivistarmöguleikum og afþreyingu í næsta umhverfi, o.s.frv. auk mynda.

Öllum tilboðum verður svarað.

ÍSAFJARÐARBÆR

HLÍÐARVEGUR, ENDURGERÐ GATNA, FRÁVEITU- OG VATNSLAGNA

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Gatnagerð á Ísafirði, Hlíðarvegur, endurnýjun götu, holræsalagna, gangstétta og götulýsingar."
Verkið felst í að endurgera Hlíðarveg, lagnir, uppúrtekt, fyllingar, neðra- og efra burðarlag, gangstéttir og lýsingu. Í götunni er einfalt holræsakerfi og skal leggja tvöfallt kerfi.

Helstu stærðir eru:

Gröftur í götustæði	4.100 m³
Holræsalagnir	1.200 m
Vatnslagnir	500 m
Hellulögn	600 m²

Verkinu skal vera að fullu lokið 1. október 2015.
Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 16. janúar 2015.
Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 5. febrúar 2015 kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þrettándagleði í Bolungarvík

Það var mikið um dýrðir í Bolungarvík á föstudag þegar blásið var til árlegrar þrettándagleði. Brennan og allt sem henni fylgdi átti að vera 6. janúar en var frestað vegna veðurs, en hver kvartar þegar það er hægt að lengja jólin um örfáa daga.

Dagskráin hófst á því að álfadrottning og kóngur riðu inn á íþróttavöllinn Hreggnasa með glæsilegu föruneyti biskups, trölla og álfa, og kóngafólkið fékk sér síðan sæti til að fylgjast með huldufólki stíga bæði færeyska og íslenska þjóðdans. Grýla og púkarnir fóru um og veltu fyrir sér kjötmagninu í börnunum og hvort eitthvert þeirra ætti skilið að ferðast með þeim aftur til fjalla. Fagurraddaður kór Bolvíkinga söng undir herlegheitunum á sviði og í lokin bauð Björgunarsveitin Ernir upp á glæsilega flugeldasýningu. *– sfg@bb.is*

Fortíð og framtíð

Gleðilegt nýtt ár lesendur góðir. Samfylgdin á liðnu ári er þökkuð og vonandi verður hún við lýði á nýbyrjuðu ári. Á morgun eru liðin tuttugu ár frá snjóflóðinu í Súðavík, sem markaði alla Vestfirðinga. Fjórtán létust og blessuð sé minning þeirra. Hinn 16. janúar 1995 er festur í sögu lands og þjóðar. Öllum var brugðið og margt var reynt í framhaldinu til þess að takst á við snjóflóð og einkum að verjast þeim. Lögum var breytt og margt gert til þess að verja byggðir. En árinu 1995 og hörmungum snjóflóða var engan veginn lokið. Lærdómurinn sem draga má af þessu hörmungarári á Vestfjörðum er mikill ætla má að enn hafi ekki verið að fullu unnið úr þeirri reynslu sem þar fékkst eða hefði átt að fást. Öllum sem eiga um sárt að binda er vottuð samúð og vonandi er þessi kafli í sögu Vestfjarða liðinn eða verður ekki með sama hætti framvegis vegna þeirra ráðstafana sem gripið hefur verið til og væntanlega höldum við vöku okkar um ókomna tíð.

En að nýbyrjuðu ári. Læknaverkföll, sem voru alger nýlunda og óvænt eru að baki í bili. Enn á eftir að greiða atkvæði um samninga sem náðust og yrðu slæm fyrirmynd annarra samninga að því leyti að efnahagslífið myndi gefa eftir verði hin enn óupplýsta niðurstaða forsögn um samninga annarra, sem þó eiga vissulega skilið góð laun. En vítahringur launahækkanna og vaxandi verðlags verða til þess eins að auka verðbólgu með fyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir lántakendur og neytendur. Gerist það, siglir íslenskt samfélag á gamalkunnar slóðir sem færa okkur aftur til liðinna ára með kreppueinkennum. Þolinmæði er dyggð, en ekki er hún að öllu leyti gefin Íslendingum, þótt við séum öðrum þjóðum fremri í þeirri list að þrauka af okkur ótrúlegustu eymd og hörmungar þegar þannig ber undir.

Við náttúröflin verður lítt ráðið, en mannleg hegðun og ákvarðanir ættu að vera auðveldari viðfangs, þótt oft líti svo út að óbeisluð náttúra ráði för fremur en vit og skynsemi. En við gætum líka tekið upp þann hátt að læra af öðrum þjóðum hið besta sem gefist hefur þeim vel.

Á komandi ári er þess óskað þjóðinni til handa að sá hluti almennings sem hellir iðulega úr skálum reiði sinnar á Netinu taki sér tak og umræða um málefni og ekki síður menn verði á vitrænum nótum og mannasiðir verði teknir upp á nýjan leik.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sportið í beinni...

HM í handbolta

Föstudagur 16. janúar
kl. 14:00 Spánn - Hvíta Rússl.
kl. 16:00 Króatía - Austurríki
kl. 18:00 Danmörk - Argentína

Laugardagur 17. janúar
kl. 14:00 Brasilía - Spánn
kl. 15:00 Leicester - Stoke
kl. 15:00 Swansea - Chelsea
kl. 15:00 Tottenham - Sunderl.
kl. 15:00 Aston V. - Liverpool
kl. 15:00 QPR - Man. Utd.
kl. 15:00 Real S - Rayo Vallec.
kl. 15:00 Burnley - Crystal P.
kl. 17:30 Newcastle - Southpt.

Sunnudagur 18. janúar
kl. 11:00 Getafe - Real M.
kl. 13:30 West Ham - Hull
kl. 16:00 Man. City - Arsenal
kl. 16:00 Þýskaland - Rússland
kl. 18:00 Egyptaland - Frakkl.
kl. 18:00 Deportivo - Barcelona

Mánudagur 19. janúar
kl. 14:00 Spánn - Chile
kl. 16:00 Slóvenía - Katar
kl. 18:00 Austurríki - Túnis
kl. 20:00 Everton - WBA

Þriðjudagur 20. janúar
kl. 16:00 Tékkland - Egyptal.
kl. 18:00 Danmörk - Þýskal.
kl. 19:15 Liverpool - Chelsea

Miðvikudagur 21. janúar
kl. 14:00 Íran - Austurríki
kl. 16:00 Bosnía - Túnis
kl. 19:45 Tottenham - Sheffield

Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

15. janúar 1991: Stöð 2 hóf beinar útsendingar frá gervihnattastöðinni CNN, einkum vegna Persaflóastríðsins. Þremur dögum síðar sýndi Ríkissjónvarpið beint frá Sky.
16. janúar 1947: Talsímasamband við Bandaríkin var opnað. Fyrsta símtalið var á milli Emils Jónssonar samgöngumálaráðherra og Thors Thors sendiherra í Washington.
17. janúar 1975: Þyrla í eigu Þyrluflugs hf. hrapaði á Kjalarnesi og sjö manns fórust.
18. janúar 1968: Leigubílstjóri í Reykjavík var myrtur. Rannsókn málsins var umfangsmikil en enginn fundinn sekur.
19. janúar 1992: Sykurmolarnir komu laginu Hit í 17. sæti breska vinsældarlistans og jöfnuðu þar með níu ára met hljómsveitarinnar Mezzoforte.
20. janúar 1991: Skíðaskálinn í Hveradölum brann. Hann var byggður upp aftur ári síðar.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Norðlæg átt, 8-15 m/s, hvassast NV-til. Él fyrir norðan en bjart að mestu fyrir sunnan. Áfram kalt í veðri.

Horfur á laugardag:
Hægt minnkandi norðanátt. Bjartviðri sunnan- og vestanlands. Heldur kólnandi.

Horfur á sunnudag:
Vaxandi SA átt með snjókomu eða slyddu og hlýnar í veðri vestanlands.

Krossgátan

Jón Steingr. / Frost-skemmd / Lasleiki / Þunnt kaffi / Röð / Vinnur / Endir / Samst.
Bítast / Tala
Væskill / Skessa
Sam-sinnir / Skammir / Angan / Ryk / Silfur / Atóms þegar / Slagur
Gufa / Greinir / Kista / Samhlj. / Þjóf-gefin
Skelin / Útskagi / Rugga / Gára
Grískur stafur / R.vík / Svolinn / Fen / Tala / Sömu / Sérhlj.
Þungi / Mjög gamall
Tónn / Trýni / Guð / Kraftur / Drap / Heiður / Birta
Heiti á hesti / Hugur / Kassi / Eins um M
Lims / Sömu / Reykja / Tónn / Mistök
Hæð / Eitur / Svall / Spil / Fræ / Tanni / Bruðl
Skjögur
Löng / Korn / Guð / Upphr. / Hvatur / Kynstur / Samhlj.
Kalli
Hóp / Tanginn

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Lausn á síðustu krossgátu

				Jón Steingr.		B				B	
				⇨	K	Y	S	S	T	U	⇦
					Á	R	A	K	O	R	N
	H			O	P		F	Á	R		Ú
K	V	E	I	F	U	S	N	A	T	T	⇩
	E	I		F	R	Á	A		Í	I	H
A	R	Đ	U	R	A		G	A	M	N	A
	F	U	R	A	N	Á	R	M	A	N	N
K	U	R	T		S	N	Ú	A		A	N
	R		A	S	I	A	T	A	R		⇩
	⇨	I	N	N	⇦	U	U		A	S	A
E	L	L		S	Í	Đ	R	A	K	Ó	F
	Á	L	L		S	T	I	G		A	A
		M	Á	S	K	E	N	N	I	Þ	⇦
S	K	Æ	R	T	E	I	N	D		E	L
	Ö	L		A	G	N		O	L	G	A
T	R	I	M	M	G	⇨	A	F	A	N	S

Sudoku þrautir

	4	9					5	3
	7			8				2
				5		7		
		2	9			4	6	1
9	6		8		7		3	5
5	3			2	6			7
3			5				8	4
2		6	4	1			7	9
			7	9		5	2	6

								6
1							8	9
	2	4	3					
	4		8			7		1
6					2	5		
9	1							
		1			9			
	9	8			3	4	1	
		2		7	1			

Sigurgeir semur við BÍ/Bol

Sigurgeir Sveinn Gíslason leikmaður BÍ/Bolungarvíkur hefur endurnýjað samning sinn við félagið og spilar því með liðinu á næsta tímabili.

Sigurgeir hefur spilað með BÍ/Bolungarvík allan sinn meistaraflokksferil og á að baki 208 deildar- og bikarleiki fyrir félagið. Það er mikil gleðitíðindi fyrir alla stuðningsmenn BÍ/Bol að þessi reynslumikli varnarmaður haldi áfram með félaginu.

Söngurinn mun óma í Súðavík

Starfsfólk og nemendur Súðavíkurskóla mæta til nýrrar annar með bjartsýni og gleði að vopni að því er segir á vefsíðu skólans. „Nú þegar hjól skólavinnulífsins eru farin að snúast á nýju ári lítum við björtum augum fram á veginn. Starfsfólk skólans hefur einsett sér að þétta raðirnar og vinna sameiginlega að lausnum þeirra mála sem upp koma, aldrei sem fyrr.“

Þá var ákveðið að stofna til samsöngs allra deilda, nemenda og fullorðinna á föstudögum. Æfingar fara fram í hverri deild þann daginn og á leikskóladeildinni hina daga vikunnar. Þrír kennarar sjá um að stýra verkefninu sem verður án efa til þess að efla samkennd og vellíðan bæði kennara og nemenda í Súðavíkurskóla.

Fækkar um 10 í Ísafjarðarbæ

Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um tíu á síðasta ári. Fyrsta dag síðasta árs voru 3.639 íbúar í sveitarfélaginu en 1. janúar síðastliðinn voru þeir 3.629. Hægir þar umtalsvert á íbúafækkun frá fyrra ári, en árið 2013 fækkaði íbúum um 109.

Á sunnanverðum Vestfjörðum hefur orðið viðsnúningur á neikvæðri byggðaþróun og má þar nefna að stuttu fyrir jól var því fagnað í Vesturbyggð að íbúar sveitarfélagsins eru komnir yfir þúsund íbúa múrinn og eru 1.003. Íbúafjöldinn í Vesturbyggð fór niður fyrir 1.000 árið 2006 og hélst undir eitt þúsund allt þar til í fyrra.

smáar

Til leigu er 4ra herb. íbúð á jarðhæð að Urðarvegi 45, sem fyrst. Aðeins reyklaust fólk kemur til greina. Uppl. í síma 845 0031.

Þjónustuauglýsingar





BERJUMST VIÐ HRUKKUR MEÐ
GLEÐI OG Q10 plus
NIVEA
Q10 plus
ANTI-WRINKLE
MOISTURIZER DAY SPF 15
Reduces wrinkles visibly
Slows down the appearance of wrinkles
Coenzyme Q10 and Creatine
EINKALEYFI Á FORMÚLUNNI
SEM SANNANLEGA MINNKAR
HRUKKUR INNAN 4 VIKNA
NIVEA.com